



Sjálfsmatsskýrsla 2024 - 2025

Akurskóli

Sjálfsmatsskýrsla 2024-2025

Akurskóli

Reykjanesbær, júní 2025

Inngangur

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla.

Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, barna- og menntamálaráðuneytis eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til fjögurra ára í senn og leggja fyrir á fundi starfsfólks og skólaráðs. Áætlun fyrir 2021-2025 er sett fram haustið 2021, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á fundi starfsfólks. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsfólk er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsfólki, nemendum, skólaráði, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

Efnisyfirlit

1.	Innra mat í Akurskóla	5
1.1.	Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?	5
1.2.	Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?.....	5
1.3.	Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?	6
1.4.	Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?	6
1.5.	Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?	6
1.6.	Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?	6
2.	Um skólann	7
2.1.	Kennslufræðileg sýn Akurskóla	7
3.	Menntastefna Reykjanesbæjar.....	9
4.	Viðfangsefni innra mats 2024-2025.....	12
5.	Helstu niðurstöður sjálfsmats.....	14
5.1.	Skólanámskrá	14
5.2.	Skólapúlsinn	14
	Nemendakönnun.....	15
	Foreldrakönnun.....	18
	Starfsmannakönnun	23
5.3.	Íslenska æskulýðsrannsóknin.....	29
5.4.	Viðhorfskönnun meðal foreldra	32
	3. bekkur.....	32
	6. bekkur.....	34
	9. bekkur.....	35
5.5.	Niðurstöður eineltisteymis.....	37
5.6.	Foreldrasamtöl.....	37
5.7.	Samtöl	39
5.8.	Moodup púlsmæling.....	40
5.9.	Kennslurýni og samtöl	41
5.10.	Lestrarskimanir	42
	3. bekkur – rýnisamtöl með kennsluráðgjöfum	42
	6. bekkur - Logos-læsissskimun.....	42
	8. bekkur - Logos-læsissskimun.....	43
	3. – 8. bekkur - Orðarún.....	43
	1. – 10. bekkur - Lesfimi.....	45
5.11.	Stærðfræðiskimanir.....	46
	Talnalína í 3., 6. og 8. bekk.....	47
6.	Framkvæmdamat.....	49
7.	Mat á séstökum þróunarverkefnum eða áhersluatriðum.....	54
7.1.	Leiðsagnarnám	54
7.2.	Heilsueflandi grunnskóli	55
7.3.	Akurinn.....	56
7.4.	Skólaskjálfti	56
8.	Lokaorð.....	58

1. Innra mat í Akurskóla

Sjálfsmatshringurinn hér fyrir neðan lýsir sjálfsmatsaðferðum Akurskóla.



1.1. Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum. Við lok skólaárs eiga öll gögn að vera fyrirliggjandi og ritun sjálfsmatsskýrslu getur farið fram. Hún er birt á heimasíðu skólans í júní ár hvert. Sjálfsmatsskýrslan er send fræðslustjóra sem kynnir hana fyrir Menntaráði og einnig er hún kynnt starfsfólki sem les yfir sjálfsmatsskýrsluna í júní og koma með athugasemdir. Skólastjóri er ábyrgur í samstarfi við aðra stjórnendur skólans fyrir ritun sjálfsmatsskýrslunnar og kynningu á henni.

1.2. Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?

Fjöldi kannana, skimana og prófa eru lögð fyrir á hverju ári og greina fjölmargar hliðar skólastarfsins. Niðurstöður prófa og skimana gefa vísbendingar um námslega stöðu

nemenda. Niðurstöður kannana gefa vísbendingar um viðhorf til skólans og líðan nemenda. Þessar niðurstöður eru greindar jafn óðum og þær berast og eru lykilatriði í niðurstöðum þeirra settar í sjálfsmatsskýrsluna. Á grunni þessa niðurstaðna eru ákvarðanir um umbætur teknar. Greining á niðurstöðum einstaka kannana er á ábyrgð þess starfsfólks sem sinnir þeim þætti skólastarfsins sem könnunin tekur til. Yfirlit yfir þær kannanir sem og skimanir sem notaðar eru við innra matið má sjá í töflu í kafla 4.

1.3. Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?

Skólinn setur sér viðmið um árangur. Viðmiðin eru sett með hliðsjón af stefnu skólans, aðstæðum og almennum samanburði á námsárangri. Árangursviðmiðin eru í raun skuldbinding um þann árangur sem stefnt er að ná. Árangursviðmiðin eru birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.

1.4. Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?

Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum hennar og aðgerðir ræddar. Nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð. Umbótaáætluninni er skilað til fræðslustjóra fyrir 15. október. Skólastjóri ber ábyrgð á ritun hennar.

1.5. Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?

Næsta skref er að framkvæma umbótaáætlunina. Hver umbótaþáttur hefur ábyrgðaraðila sem fylgist með framvindu mála.

1.6. Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Lokaþáttur sjálfsmatshringsins er nákvæm, reglubundin eftirfylgni. Eftirfylgni er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli ábyrgðarskyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem eru á þeirra könnu og geri það sem starfsfólk skólans hafði sammælt um að yrði gert. Hluti af eftirfylgninni er að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist og gera grein fyrir því mati í sjálfsmatsskýrslu.

2. Um skólann

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005 og var skólinn formlega vígður 9. nóvember 2005.

Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólahald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólastjóri skólaárið 2024-2025 var Sigurbjörg Róbertsdóttir. Aðstoðarskólastjóri var Þormóður Logi Björnsson. Deildarstjóri yngra stigs var Katrín Jóna Ólafsdóttir. Deildarstjóri eldra stigs var Guðrún Gunnarsdóttir. Deildarstjóri Lindar, sérþæks námsúrræðis var Arnar Smárason. Deildarstjóri stoðþjónustu og læsis var Elín Njálsdóttir. Verkefnastjóri tölvumála var Freyr Brynjarsson og verkefnastjóri íslensku sem annað mál var Anna S.

Guðmundsdóttir. Leiðtogi í byrjendalæsi var Fríða Hallfreðsdóttir og leiðtogi í Heilsuefandi grunnskóla var Jón Ásgeir Þorvaldsson. Teymi um innleiðingu leiðsagnanáms var starfandi við skólann á árinu og í því voru Fríða Hallfreðsdóttir, Hildur María Helgadóttir og Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir.

2.1. Kennslufræðileg sýn Akurskóla



VIRÐING



GLEÐI



VELGENGNI

Gildi Akurskóla eru leiðarljós skólastarfsins en þau eru virðing, gleði og velgengni sem táknmyndirnar endurspegla.



Merki skólans eru nemendur sem eins og plöntur vaxa upp af fræjum á akri. Mismunandi litur þeirra gefur til kynna að öll erum við ólík og höfum okkar sérstöðu.

Gildin eiga að endurspeglast í stefnu skólans og öllu hans starfi.

Í Akurskóla er nemandinn í forgrunni og leitast er við að leita allra leiða til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Okkur finnst mikilvægt að allir nemendur hafi **jöfn tækifæri til náms** en leggjum líka áherslu á **teymiskennslu kennara**, **Uppbyggingarstefnuna**, **Byrjendalæsi**, **góðan námsárangur**, **fjölbreytta kennsluhætti**, **útikennslu** og **jákvæð og öflug samskipti við foreldra**.

Jöfn tækifæri til náms eru ein af grunnstoðum menntastefnu Reykjanesbæjar. Í Akurskóla er þörfum nemenda mætt úr frá námsstíl, námshæfni og áhuga. Unnið er með sterkar hliðar nemenda og miðað er að því að gera nemendur sjálfstæða í námi með góðri endurgjöf. Við skólann starfa fjölbreyttar starfsstéttir til að mæta nemendum á sem skilvirkastan hátt.

Teymiskennsla kennara er ein af lykilstoðum í námi og kennslu nemenda. Hver árgangur er ein heild með tvo eða fleiri umsjónarkennara sem saman bera ábyrgð á undirbúningi og skipulagi kennslunnar. Kennarar skipta oft með sér verkum þannig að styrkleikar hvers og eins nýtast sem best í kennslu.

Uppbyggingarstefnan er notuð er til að skapa jákvæðan skólabrag og tryggja velferð allra innan skólans. Lögð er áhersla á að byggja upp sjálfsaga og ábyrgð hjá einstaklingum með samræðum um lífsgildi og eigið sjálf. Lögð er áhersla á lífsgildin, ábyrgð og virðingu, og er nemendum kennt að bera ábyrgð á eigin orðum og gjörðum.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi í 1. - 3. bekk. Kennsluaðferðin byggir á því að lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir þar sem merkingarbær viðfangsefni eru megináherslan og unnið er út frá gæðatexta. Áhersla er lögð á fjölbreytni og sveigjanleika í námsaðstæðum barnanna.

Til að stuðla að **góðum námsárangri** er námsumhverfi hvetjandi og væntingar eru gerðar til nemenda um nám óháð færni þeirra og getu. Allir nemendur fá áskorun og ögrun við hæfi í skólastarfinu.

Fjölbreyttir kennsluhættir og útikennsla eru ríkjandi þættir í skólastarfinu. Kennarar beita fjölbreyttum kennsluaðferðum í öllum kennslustundum og ígrunda starf sitt til að koma til móts við nemendur. Skólinn á útikennslusvæði, Narfakotsseylu, og nýtir það svæði ásamt öðru í nágrenni skólans til útikennslu. Nemendur læra að þekkja náttúruna og umhverfi skólans er nýtt til rannsókna og athugana.

Jákvæð og öflug samskipti við foreldra eru mikilvægur hlekkur í námi barnanna. Við viljum stuðla að faglegri samvinnu við foreldra og góðu upplýsingastreymi. Við skólann starfar öflugt foreldrafélag sem styður við skólann á allan hátt. Einnig er skólaráð skólastjórnendum til ráðgjafar þegar á þarf að halda. Skólinn sendir reglulega pósta á foreldra ásamt því að vera með lifandi heimasíðu og Facebook síðu.

Í Akurskóla ríkir faglegur metnaður og leitast er eftir að skólinn sé eftirsóttur vinnustaður þar sem starfsfólk finnur fyrir öryggi og vellíðan og fá tækifæri til að vaxa í starfi.

3. Menntastefna Reykjanesbæjar

Meginmarkmið menntastefnu Reykjanesbæjar er að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta.

Í skólanámskrá Akurskóla endurspeglast þetta markmið í kennslufræðilegri sýn skólans þar sem lögð er áhersla á hamingju, heilbrigði og hámarksárangur nemenda.

Gildin virðing – gleði – velgengni eru leiðarljós í öllu skólastarfi og styðja við þetta meginmarkmið.

Leiðarljós menntastefnu Reykjanesbæjar eru þrjú: Börnin mikilvægust, Kraftur fjölbreytileikans og Faglegt menntasamfélag. Þessi leiðarljós eru áberandi í skólanámskrá Akurskóla og endurspeglast í stefnu og daglegu starfi skólans.



Fyrsta leiðarljósið, „Börnin mikilvægust“ birtist skýrt í áherslu skólans á að nemandinn sé í forgrunni. Skólanámskráin og starfið í skólanum leggur ríka áherslu á að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms, óháð bakgrunni eða getu. Þetta kemur meðal annars fram í einstaklingsmiðuðu námi og notkun Uppbyggingarstefnunnar sem styður við að börn fái að blómstra á eigin forsendum og þróa með sér sjálfsga og ábyrgð.

Annað leiðarljósið „Kraftur fjölbreytileikans“ endurspeglast í kennslufræðilegri sýn Akurskóla þar sem fjölbreyttir kennsluhættir, teymiskennsla og sveigjanleiki eru í hávegum höfð. Skólinn tekur vel á móti tvítyngdum og erlendum nemendum með einstaklingsmiðuðu námi og stuðningi í íslensku sem öðru tungumáli. Þannig er fjölbreytileiki nemendahópsins ekki aðeins viðurkenndur heldur nýttur sem styrkleiki í skólastarfinu.

Þriðja leiðarljósið „Faglegt menntasamfélag“ kemur fram í áherslu skólans á samvinnu allra sem að skólastarfinu koma – kennara, starfsfólks, foreldra og nemenda. Skólanámskráin undirstrikar mikilvægi þess að byggja upp traust og faglegt samstarf og að kennarar fái tækifæri til starfsþróunar og endurmenntunar. Samstarf við háskóla og faglegt mat á skólastarfi eru einnig mikilvægir þættir sem styðja við þetta leiðarljós.

Fimm stefnuáherslur menntastefnunnar Reykjanesbæjar eru: Mér líður vel, Allir með, Opnum hugann, Sköpunargleði og Við og Jörðin



Velliðan er grunnur að námi og þroska. Í Akurskóla er lögð áhersla á að nemendum líði vel, þeir finni sig örugga og gangi glaðir til verka. Skólinn vinnur markvisst að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu með þátttöku í Heilsueflandi grunnskóla. Sjálfsmynd og sjálfstraust eru eflað með Uppbyggingarstefnunni og kennslu í tilfinningagreind og samskiptum. Leikur, gleði og sköpun eru nýtt sem leið til að efla velliðan og styrkja félagsfærni.



Skólinn leggur áherslu á að allir nemendur fái jöfn tækifæri til náms. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og aðlagðir að þörfum nemenda. Stuðningsúrræði eins og stoðþjónusta, Lindin og íslenska sem annað mál tryggja að allir fái nám við hæfi. Uppbyggingarstefnan styður við jákvæðan skólabrag og félagsfærni. Foreldrasamstarf og tengsl við grenndarsamfélagið styrkja þátttöku og tengsl og nemendur taka virkan þátt í félagslífi og ákvarðanatöku í gegnum nemendafélagið og lýðræðisverkefni.



Akurskóli leggur áherslu á gagnrýna hugsun, fjölbreytni og virka þátttöku í lýðræðissamfélagi. Læsi er þjálfað með samþættri kennslu í lestri, ritun, tali og hlustun. Nemendur taka þátt í umræðum, bekkjarfundum og félagsstarfi. Sköpun og fjölbreyttir kennsluhættir styðja við frumkvæði og sjálfstæða hugsun. Námið er sveigjanlegt og byggir á áhuga og styrkleikum nemenda.



Sköpun er samþætt öllu skólastarfi og styður við forvitni, ímyndunarafl og frumkvæði. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, nýta tækni og miðla og tjá hugmyndir sínar með ólíkum aðferðum. Samstarf milli kennara og árganga og teymiskennsla styðja við skapandi vinnu. Verkefni eru gerð sýnileg og nemendur safna þeim í sýnimöppu.



Sjálfbærni og umhverfisvitund eru samofin skólastarfinu. Skólinn vinnur að því að efla ábyrgð nemenda gagnvart náttúrunni. Útikennsla og vettvangsferðir eru nýttar til að tengja nám við umhverfið. Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti eru grundvallarþættir í menntun til sjálfbærni. Nemendur læra að taka upplýstar ákvarðanir sem stuðla að farsæld og sjálfbæru samfélagi.

Menntastefna Reykjanesbæjar birtist mjög skýrt í starfi Akurskóla. Skólinn hefur innleitt meginmarkmið, leiðarljós og áherslur stefnunnar í kennslufræðilegri sýn, skipulagi og daglegu starfi. Það má segja að Akurskóli sé í góðu samræmi við stefnu sveitarfélagsins og virkur þátttakandi í að móta framtíð barna í Reykjanesbæ.

4. Viðfangsefni innra mats 2024-2025

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og stjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skóla-námskrá	Endurskoðun á starfsáætlun og bekkjarnámskrám.	Stjórnendur og kennarar.	Haust.	Starfsfólk og skólaráð.	x	x							
Skólapúlsinn	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólapúlsinn. Deildarstjóri leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
	Foreldrakönnun					x		x	x	x	x		
	Starfsmannakönnun					x			x	x	x		
Foreldrar	Viðhorfskannanir í 3., 6. og 9. bekk	Stjórnendur	30. janúar	Foreldrar í 3., 6. og 9. bekk.		x		x			x		
Starfsfólk	Samtöl.	Stjórnendur.	Jan. - mars.	Allt starfsfólk.	x				x	x	x		
	MoodUp – púlsmæling	Reykjanesbær	Nóv. - maí	Allt starfsfólk	x				x	x	x		X
Lestrarskimanir	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Menntasvið Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	6. bekkur - nemendur sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar.		x		x					
	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Menntasvið Reykjanesbæjar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Apríl	9. bekkur - nemendur sem eru undir viðmiði 1 í lesfimiþrófi Lesferils við lok 8. bekkjar.		x		x					
	Orðarún – lesskilningur.	Umsjónar-kennarar.	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b.		x		x					
	Lesferill - lesskimun	Deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar.	Október.	1. bekkur		x		x					
	Lesferill - Lesfimi og hliðarpróf eftir þörfum	Kennarar 1.-6. bekkjar, deildarstjóri stoðþjónustu og kennarar	Þrisvar á ári. Sept., jan og maí.	Nemendur í 1. - 10. bekk.		x		x					

Stærðfræðiskimanir	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember til janúar.	3. bekkur.		x		x					
	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu við deildarstjóra stoðþjónustu.	Nóvember til janúar.	6. bekkur.		x		x					
	Hóppróf Talnalínu	Kennarar í samvinnu verið deildarstjóra stoðþjónustu	Janúar til mars.	8. bekkur		X		X					
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdamat er gert eftir hvern viðburð.	Skólastjórnendur	Allt skólaárið.	Starfsfólk skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	X

5. Helstu niðurstöður sjálfsmats

5.1. Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum.

Akurskóli birtir skólanámskrá sína í tvennu lagi eins og lög gera ráð fyrir. Fyrri hlutinn er almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á. Almenni hlutinn var endurskoðaður 2022 og gildir nú til 2026. Skólanámskrá Akurskóla má sjá hér:

<https://www.akurskoli.is/skolanamskra/almennur-hluti>

Seinni hlutinn er starfsáætlun. Meðfylgjandi því riti eru bekkjarnámskrár allra árganga sem finna má á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum viðburðum í skólastarfi og kennsluáætlunum. Starfsáætlun er endurskoðuð ár hvert og birt að hausti.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans <https://www.akurskoli.is/skolanamskra>. Einnig er hægt að fá afrit af henni á skrifstofu skólans.

Unnið var í endurskoðun á öllum bekkjarnámskrám þetta skólaárið þar sem innleiðing nýrra hæfniviðmiða í samræmi við endurskoðaða aðalnámskrá frá Menntamálastofnun. Stefnt er að því að innleiðing á nýjum hæfniviðmiðum verði lokið fyrir haustið 2025.

5.2. Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsfólks til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir

Skólapúlsins lagðar fyrir, þ.e. nemenda-, foreldra- og starfsfólkskönnun en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Í ár voru allar þrjár kannanir lagðar fyrir.

Þegar rýnt var í niðurstöður var athyglinni beint að þeim þáttum þar sem marktækur munur var á niðurstöðum Akurskóla miðað við landið.

Viðmið Akurskóla er að vera við landsmeðaltal í öllum þáttum sem kannaðir eru í Skólapúlsinum. Þeir þættir þar sem við erum marktækt yfir eða undir eru skoðaðir sérstaklega. Starfsfólk skólans fór yfir niðurstöður allra þriggja kannana á kaffihúsafundi á starfsdögum að vori og lögðu til hugmyndir að úrbótum til þess að bæta skólastarfið.

Nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins er lögð fyrir árlega í Akurskóla. Nemendur í 6. – 10. bekk slembiraðast í þrjú úrtök í október, desember, febrúar og apríl til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 136 nemendur af 147 svöruðu nemendakönnuninni í ár sem gerir 92,5% svarhlutfall.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt. Á seinasta skólaári var matsþáttunum símanotkun og mataráskrift bætt við og því sjáum við breytingar á þeim þáttum í fyrsta sinn í ár.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Undanfarin ár hafa niðurstöður Skólapúlsins ekki verið nægilega góðar að mati stjórnenda Akurskóla. Könnuninni var ekki gert hátt undir höfði og bæði nemendur og kennarar litu á könnunina sem kvöð og sáu ekki tilgang með henni. Á síðasta skólaári var ákveðið að gera breytingar á fyrirlögn og úrvinnslu Skólapúlsins og var fyrsta skrefið tekið á síðasta skólaári og hélt vegferðin áfram á þessu skólaári. Á síðasta skólaári var ákveðið að leggja könnunina fyrir í smærri hópum og því var hvert úrtak tekið í tvennu lagi, annars vegar með nemendum í 6.-7. bekk og hins vegar með nemendum í 8.-10. bekk. Í hvorri fyrirlögninni voru tveir stjórnendur og nemendaráðgjafi og fengu nemendur aðstoð við að svara þeim spurningum sem þeim þóttu flóknar. Öllum nemendum stóðu heyrnatöl til boða svo þau gætu nýtt sér talgervil Skólapúlsins. Þeir nemendur sem þiggja mikla sérkennslu eða ÍSAT kennslu fengu að taka könnunina með sínum sérkennara í rólegra umhverfi. Þessu fyrirkomulagi var haldið áfram á þessu skólaári. Við upphaf skólaárs fór deildastjóri inn í alla árganga og kynnti helstu niðurstöður fyrir nemendum. Þá sköpuðust gagnlegar umræður þar sem nemendur komu með hugmyndir að úrbótum í þeim þáttum sem komu illa út. Niðurstöður voru einnig

kynntar á starfsfólksfundum að hausti og við lok skólaársins var kaffihúsafundur þar sem starfsfólk fékk kynningu á niðurstöðum skólaársins og kom með hugmyndir að úrbótum á þeim þáttum sem komu illa út.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,0	129	0,1	4,2	19.656	-0,2
1.2. Þrautseigja í námi	4,8	135	0,7	4,5	19.793	0,3
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,0	135	0,5	4,5	20.045	0,5*
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,6	135	0,2	4,3	19.985	0,3*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,4	136	0,4	4,4	19.737	0,0
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,2	136	0,7	4,8	19.976	0,4*
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	73,1%	98/134	-2,1%	78,9%	15071/19452	-5,8%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,5 klst.	98	-0,2 klst.	0,5 klst.	15.018	0,0 klst.

Ánægja af lestri mælist 4,0 sem er aðeins undir landsmeðaltali upp á 4,2. Þróunin er upp á við frá seinasta skólaári um 0,1 stig sem er jákvætt. Þrautseigja í námi mælist 4,8 sem er yfir landsmeðaltali (4,5) og hefur þróunin verið jákvæð undanfarin ár þar sem hún hefur hækkað úr 3,8. Áhugi á stærðfræði mælist 5,0 sem er umtalsvert yfir landsmeðaltali með tölfræðilega marktækum mun (4,5) og hefur haldist nokkuð stöðugur. Áhugi á náttúrufræði mælist 4,6 sem er yfir landsmeðaltali (4,3) sem er hækkun upp á 0,2 stig á milli ára og er tölfræðilega marktækt. Trú á eigin vinnubrögð í námi mælist 4,4 sem er það sama og landsmeðaltal og hækkun upp á 0,4 stig á milli ára. Varðandi snjallsímanotkun þá eru 73,1% nemenda með snjallsíma í skólanum sem er lægra en landsmeðaltal (78,9%). Meðalnotkun er 0,5 klst. á dag í skólanum sem er það sama og landsmeðaltal.

Heildarniðurstöður benda til þess að skólinn standi vel í samanburði við landið hvað varðar þrautseigju, áhuga á námsgreinum og virka þátttöku nemenda, þó ánægja af lestri mætti vera meiri. Skólinn hefur einnig náð ágætum árangri í að takmarka símanotkun í samanburði við landið.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,1	135	0,2	4,4	19.654	-0,3*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,1	135	0,0	4,3	19.581	-0,2
2.3. Vellíðan	4,2	135	0,4	4,4	19.824	-0,2
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	41	-	-	-	-
2.5. Einelti	6,1	134	0,0	5,7	19.768	0,4*
2.6. Tíðni eineltis	16,4%	22/134	2,5%	15,8%	3177/19680	0,6%
2.7. Staðir eineltis	-	22	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	93,3%	125/134	29,8%	89,2%	17614/19669	4,1%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	34,4%	45/131	-6,7%	40,7%	7614/18591	-6,3%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	3	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	73	-	-	-	-

Sjálfsálit nemenda mælist 4,1 sem er lægra en landsmeðaltal upp á 4,4. Þetta er tölfræðilega marktækur munur og ekki ánægjulegar niðurstöður en þó lítilsháttar bæting frá seinasta skólaári.

Hvað varðar stjórn á eigin lífi mælist skólinn með 4,1 á móti landsmeðaltali upp á 4,3 og hefur staðið í stað á milli ára.

Vellíðan nemenda mælist 4,2 samanborið við landsmeðaltal 4,4 en hefur batnað um 0,4 stig á milli ára.

Einelti er áhyggjuefni en 16,4% nemenda segjast hafa orðið fyrir einelti samanborið við 15,8% á landsvísu. Þetta eru athyglisverðar niðurstöður í ljósi þess að eineltisteymi skólans barst einungis ein tilkynning um einelti á skólaárinu (sjá kafla 5.5).

Varðandi skólamötuneyti eru 93,3% nemenda í mataráskrift sem er hærra en landsmeðaltal (89,2%). Hins vegar eru aðeins 34,4% nemenda sem telja matinn oftast góðan eða frekar góðan, sem er lægra en landsmeðaltal upp á 40,7%. Athygli vekur að ríkjandi meirihluti nemenda sem ekki eru í mataráskrift segja ástæðuna vera að maturinn sé ekki góður.

Niðurstöðurnar benda til þess að þörf sé á markvissum aðgerðum til að efla sjálfsmynd og vellíðan nemenda.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,5	135	0,1	4,8	19.453	-0,3*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,8	135	0,1	4,8	19.648	0,0
3.3. Agi í tímum	4,2	135	0,0	4,8	19.629	-0,6*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,1	134	0,4	4,8	19.500	0,3
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	4,8	135	0,4	4,8	19.529	0,1

Samsömun nemenda við nemendahópinn mælist með meðaltalið 4,5 sem er 0,3 lægra en landsmeðaltal sem er 4,8, með tölfræðilega marktækum mun. Samband nemenda við kennara er jákvætt og mælist með meðaltalið 4,8 sem er alveg það sama og landsmeðaltal. Agi í tímum er sá þáttur sem kemur verst út í könnuninni með meðaltalið 4,2 sem er markvert lægra en landsmeðaltal upp á 4,8. Þessi þáttur breyttist ekki á milli ára. Virk þátttaka nemenda í tímum er góð með meðaltalið 5,1 sem er aðeins hærra en landsmeðaltal (4,8). Að lokum mælist tíðni leiðsagnarmats með meðaltalið 4,8 sem er í takt við landsmeðaltal.

Helstu áskoranir skólans felast í að bæta aga í tímum, sérstaklega í eldri bekkjum, og styrkja samsömun nemenda við nemendahópinn. Jákvætt er að sjá góða virka þátttöku nemenda og gott jafnvægi í leiðsagnarmati.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnunin metur 41 þætti sem flokkast í sex meginflokkka. Könnunin samanstendur af 70 spurningum og er aðgengileg á íslensku, pólsku og ensku. Áætlaður svartími er um 10 mínútur. Könnunin fer fram annað hvert í febrúar og er ætluð foreldrum barna á öllum aldurstigum grunnskólans.

Skólinn sendir inn nemendalista í janúar og út frá honum er dregið 120 nemenda líkindaúrtak. Ef netföng beggja foreldra eru skráð er handahófi beitt til að ákveða hvor fær könnunina fyrst. Berist ekki svör frá þeim foreldri er könnunin send á hitt netfangið.

Niðurstöður eru birtar í mars og sýna samanburð milli skólastiga (yngsta, mið- og unglingastigs) og landsmeðaltals að því gefnu að svarhlutfall nái að minnsta kosti 60% (markmið er 80%).

Í öðrum tilvikum eru niðurstöður birtar sem hlutfall svara við ákveðnum valkostum. Fyrir slíkar niðurstöður eru ekki til almenn viðmið. Öryggismörk í marktektarprófum eru 90%. Niðurstöður eru ekki birtar ef svarhlutfall er undir 60%.

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,1	82	-0,2	5,1	5.536	0,0
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	86,3%	63/73	-0,8%	91,0%	4539/5036	-4,7%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	85,5%	65/76	-3,8%	80,7%	4315/5329	4,8%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	67,6%	50/74	-3,0%	67,1%	3366/5072	0,5%

Foreldrar í Akurskóla eru almennt ánægðir með nám og kennslu, með meðaltal á mælikvarðanum 5,1, sem er takt við landsmeðaltalið. Flestir foreldrar telja að þyngd námsefnis sé hæfileg þar sem 85,5% foreldra í Akurskóla telja námsefnið hæfilegt samanborið við 80,7% á landsvísu. Um 67,6% foreldra í Akurskóla telja agann hæfilegan sem er svipað og landsmeðaltalið 67,1%. Ánægja með stjórnun skólans er einnig há þar sem 86,3% foreldra í Akurskóla telja að skólanum sé mjög vel eða frekar vel stjórnað. Foreldrar eru almennt ánægðir með kennsluaðferðirnar og hvernig tekið er á agavandamálum þó að nokkur munur sé á milli Akurskóla og landsvísu. Þessar niðurstöður gefa til kynna að foreldrar í Akurskóla séu almennt ánægðir með nám, kennslu, og stjórnun skólans með áherslu á hæfilega þyngd námsefnis og hæfilegan aga.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,6	72	0,3	4,8	5.015	-0,2
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	84,6%	66/78	-4,1%	88,5%	4625/5228	-3,9%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	86,6%	71/82	2,2%	92,0%	5114/5563	-5,4%*
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	86,7%	72/83	-0,3%	91,1%	5043/5543	-4,4%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	87,3%	69/79	8,9%	90,1%	4965/5503	-2,8%
2.6. Umfang eineltis á þessu skólaári að mati foreldra	10,0%	8/80	-6,2%	9,0%	490/5398	1,0%
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	88,2%	15/17	-	85,3%	823/953	2,9%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	47,1%	8/17	-0,3%	57,7%	502/844	-10,6%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	56,2%	9/16	9,1%	56,2%	473/833	0,0%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	76,6%	36/47	2,7%	77,1%	2216/2892	-0,5%
2.11. Meðaltímabil eineltis	1,5	17	0,3	1,5	949	0,0
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	17	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	42,0%	34/81	-	44,5%	2487/5537	-2,5%

Hér má sjá að ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur í Akurskóla er metin 4,6 á meðan landsmeðaltalið er 4,8. Þegar kemur að líðan nemenda í kennslustundum telja 86,7% foreldra í Akurskóla að börnum þeirra líði mjög eða frekar vel samanborið við 91,1% á landsvísu. Í frímínútum líður 87,3% nemenda í Akurskóla frekar eða mjög vel á meðan þetta hlutfall er 90,1% á landsvísu.

Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans er einnig metin þar sem 76,6% foreldra í Akurskóla eru ánægðir með hvernig skólinn vinnur eftir eineltisáætlun samanborið við 77,1% á landsvísu. Þegar kemur að snjallsímanotkun í grunnskólum vilja 42% foreldra í Akurskóla alfarið banna snjallsíma á meðan 44,5% foreldra á landsvísu eru sama sinnis.

Niðurstöðurnar benda til að Akurskóli standi sig vel í samskiptum við nemendur þó að það sé svigrúm til úrbóta til að ná landsmeðaltalinu. Líðan nemenda í kennslustundum og frímínútum er jákvæð en mætti bæta hana. Ánægja með eineltisáætlunina er góð en skólinn ætti að vinna að frekari úrbótum. Snjallsímanotkun vekur áhyggjur meðal foreldra sem kallar

á frekari umræður um stefnu skólans. Heildarniðurstöðurnar sýna að þó margt sé vel gert eru tækifæri til að bæta skólalífið og ná landsmeðaltali.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,8	77	0,4	5,6	5.321	0,2
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	5,0	34	-0,5	5,2	3.361	-0,2
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	46,8%	37/79	-0,3%	66,6%	3557/5285	-19,8%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	42	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með matinn	80,3%	57/71	-2,8%	72,7%	3753/5045	7,6%
3.6. Notkun á mat í skólanum	93,7%	74/79	10,8%	96,3%	5239/5418	-2,6%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki matinn	20,0%	1/5	12,3%	1,1%	3/178	18,9%

Í Akurskóla sýna niðurstöður að foreldrar eru almennt ánægðir með aðstöðu í skólanum þar sem skólinn fékk einkunnina 5,8 sem er hærra en landsmeðaltalið 5,6. Hins vegar er hlutfall nemenda sem nýta sér tómstundaþjónustu í Akurskóla 46,8% sem er lægra en landsmeðaltalið 66,6%. Þetta gæti bent til þess að færri nemendur í Akurskóla nýti sér þessa þjónustu samanborið við aðra skóla.

Þegar kemur að ánægju með matinn voru 80,3% foreldra ánægðir með matinn sem börnin fá sem er hærra en landsmeðaltalið sem er 72,7%. Einnig nýta 93,7% nemenda í Akurskóla sér mötuneyti í hádeginu samanborið við 96,3% á landsvísu sem sýnir að nánast allir nemendur nýta sér mötuneytið.

Helstu ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki matinn í Akurskóla eru verðið og matvæðni þar sem hlutfallið er 20% samanborið við 1,1% á landsvísu. Athyglisvert þykir þó að foreldrar setji verð á skólamáltíðum fyrir sér þar sem máltíðir eru endurgjaldslausar fyrir nemendur í Reykjanesbæ því má áætla að foreldrar hafi ekki kynnt sér málið nægilega vel eða ekki verið full meðvituð um hverju var verið að svara.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,0	68	-0,6	4,7	5.134	-0,7*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	65,2%	43/66	4,3%	55,3%	2419/4265	9,9%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	72,0%	36/50	7,7%	66,1%	2374/3542	5,9%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtali	94,9%	74/78	1,7%	93,3%	4814/5154	1,6%
4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	79	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	68,1%	47/69	17,3%	53,6%	2414/4521	14,5%*
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	89,1%	57/64	5,8%	87,4%	3486/4016	1,7%
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	85,7%	66/77	-1,1%	77,4%	3870/4957	8,3%
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	73,5%	61/83	-5,2%	70,4%	3825/5403	3,1%

Undir matsþættinum Foreldrasamstarf kemur fram að frumkvæði kennara í Akurskóla að foreldrasamskiptum sé marktækt undir landsmeðaltali. Í Akurskóla telja 65,2% foreldra sig hafa frekar eða mjög mikil áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum varðandi barnið sitt sem er hærra en landsmeðaltalið sem er 55,3%. Mikilvægi þess að foreldrar taki þátt í gerð námsáætlunar með nemandanum var mjög hátt metið. Í Akurskóla töldu 89,1% foreldra þetta vera mikilvægt samanborið við 87,4% á landsvísu.

Foreldrar í Akurskóla töldu sig hafa meiri áhrif á ákvarðanir varðandi barnið sitt en meðaltalið á landsvísu. 65,2% foreldra í Akurskóla töldu sig hafa mikil áhrif samanborið við 55,3% á landsvísu. Í Akurskóla töldu, 85,7% foreldra sig vera frekar eða mjög upplýsta um stefnu skólans og námskrá sem er hærra en landsmeðaltalið.

Að auki voru foreldrar í Akurskóla almennt ánægðir með heimasíðu skólans með 85,7% sem töldu hana gagnlega samanborið við 77,4% á landsvísu. Þessar niðurstöður sýna að foreldrar í Akurskóla virðast almennt vera meira tengdir og upplýstir um skólastarf en meðaltal á landsvísu bendir til.

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,4	79	-0,5	4,9	5.303	-0,5*
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,1	78	0,0	4,5	5.284	-0,4
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	67,6%	50/74	-15,3%	73,3%	3750/5088	-5,7%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	52,6%	40/76	-10,1%	55,1%	2762/5052	-2,5%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	57,1%	36/63	-11,5%	76,9%	3136/4189	-19,8%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	23,8%	15/63	12,0%	13,6%	609/4189	10,2%*

Foreldrar í Akurskóla sýna meðaltal upp á 4,4 þegar kemur að virkni í námi barna sinna sem er lægra en landsmeðaltalið sem er 4,9. Nemendur í Akurskóla hafa skorað 4,1 á mælikvarðanum um vilja til að leita eftir þátttöku foreldra á meðan landsmeðaltal er 4,5. Þegar kemur að mati foreldra á heimavinnu barna sinna telja 67,6% foreldra í Akurskóla hana hæfilega samanborið við 73,3% á landsvísu. Um 52,6% foreldra í Akurskóla verja meira en 15 mínútum á dag í að aðstoða við heimanám samanborið við 55,1% á landsvísu. Væntingar foreldra um að barnið þeirra fari í háskólanám er 57,1 % en landsmeðaltalið er 76,9. Aftur á móti eru 23,8% foreldra barna í Akurskóla sem eiga von á að barnið ljúki iðnnámi á meðan landsmeðaltal er 13,6%. Þessar niðurstöður gefa innsýn í hvernig foreldrar í Akurskóla meta þátttöku sína í námi barna sinna og væntingar þeirra til framtíðar námsleiða.

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnunin er árleg netkönnun sem fer fram í mars. Hún mælir 22 þætti sem tengjast vinnuumhverfi og líðan starfsfólks. Kennarar svara einnig viðbótarspurningum sem tengjast kennslu. Könnunin byggir á alþjóðlegu mælitæki sem var þróað af norrænum sérfræðingum og hefur verið notað frá árinu 1998. Könnunin var þýdd yfir á íslensku með aðstoð sérfræðinga og hefur verið prófuð til að tryggja áreiðanleika.

Könnunin er send á netföng alls starfsfólks samkvæmt lista sem skólinn skilar í febrúar.

Til að niðurstöður séu birtar þarf svarhlutfall að vera að minnsta kosti 60%. Ef það er á bilinu 60–70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara. Ef það er undir 60% eru þær ekki birtar.

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,4	66	0,5	5,0	2.033	-0,6*
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,2	66	0,3	4,8	2.029	0,4*
1.3. Ágreiningur um hlutverk	4,8	66	-0,1	5,1	2.032	-0,3
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,1	66	0,1	5,0	2.031	0,1

Á þessari mynd má sjá mjög jákvæða stöðu og þróun sem við erum afar stolt af. Meðaltal vinnuálags í Akurskóla er 4,4, sem er lægra en meðaltal landsins (5,0). Þessi munur er tölfræðilega marktækur um 0,6%. Þegar kemur að skýrleika hlutverks er Akurskóli með meðaltal 5,2 sem er hærra en landsmeðaltal (4,8) um 0,4% og er tölfræðilega marktækt. Rúmlega helmingur starfsfólks eða 59,1% veit mjög oft eða alltaf hvað fellur undir þeirra ábyrgð.

Ágreiningur um hlutverk hefur meðaltal 4,8 í Akurskóla samanborið við 5,1 fyrir landið og 43,9% starfsfólks fær sjaldan eða aldrei misvísandi verkbeiðnir. Jákvæðar áskoranir í starfi eru metnar með meðaltalið 5,1, sem er í takt við landsmeðaltal og 37,9% starfsfólks telur starfið sitt vera krefjandi í jákvæðri merkingu oft eða mjög oft. Að lokum telur 80,3% starfsfólks í Akurskóla starfið sitt vera mikilvægt mjög oft eða alltaf.

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,0	62	0,1	5,0	2.003	0,0
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,3	62	0,3	5,1	2.002	0,2
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,7	62	0,3	5,2	2.000	-0,5*
2.4. Ræktun mannauðs	5,6	60	0,9	5,3	1.945	0,3*
2.5. Starfsmannasamtöl undanfarið ár	87,5%	49/56	7,1%	77,3%	1419/1835	10,2%*
2.6. Gagnsemi starfsmannasamtala	93,6%	44/47	3,6%	88,5%	1190/1345	5,1%

Akurskóli hefur staðið sig almennt vel í samanburði við landsmeðaltal í ýmsum þáttum starfsumhverfis. Leikni í starfi hefur verið í takt við landsmeðaltalið með meðaltal 5,3 árið 2021 4,9 árið 2023 og 5,0 árið 2025. Kennarar og annað starfsfólk í Akurskóla skoraði einnig 5,0 á leikni í starfi sem er sambærilegt við landsmeðaltalið.

Skuldbinding til vinnustaðarins er einnig sterk í Akurskóla þar sem skuldbindingin var 5,5 árið 2021 5,0 árið 2023 og 5,3 árið 2025 aðeins hærra en landsmeðaltalið. Starfsfólk sýnir meiri skuldbindingu til vinnustaðarins en almennt gerist á landsvísu.

Þó skorar Akurskóli lægra á skörun vinnu og einkalífs með einkunnina 4,7 samanborið við landsmeðaltalið 5,2. Kröfur í vinnu trufla sjaldan heimilislíf þar sem 30,6% starfsfólks sögðu að það gerðist sjaldan eða aldrei.

Ræktun mannauðs er styrkleiki Akurskóla með meðaltal 5,6 sem er hærra en landsmeðaltalið 5,3. Starfsfólk taldi að því væri umbunað frekar oft fyrir vel unnin störf. Að auki sögðust 87,5% starfsfólks hafa farið í starfsmannasamtal á síðustu 12 mánuðum sem er hærra en landsmeðaltalið og 93,6% töldu samtölin gagnleg.

Þessar niðurstöður benda til þess að Akurskóli standi sig vel í skuldbindingu og ræktun mannauðs en hefur svigrúm til að bæta skörun vinnu og einkalífs.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,6	61	0,7	5,3	1.991	0,3
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	5,6	61	-0,5	4,8	1.923	0,8*
3.3. Styttning vinnuviku	82,2%	37/45	-	76,1%	1160/1525	6,1%
3.4. Ánægja með styttningu vinnuviku	59,5%	22/37	-	42,7%	494/1157	16,8%*
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,8	61	0,3	5,2	1.982	0,6*
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,9	61	0,8	5,2	1.975	0,7*
3.7. Mismunur	4,9	61	-0,5	4,7	1.978	0,2
3.8. Einelti (þú)	1,6%	1/61	-0,2%	1,9%	38/1974	-0,3%
3.9. Einelti (annar en þú)	5,0%	3/60	-19,6%	6,5%	127/1958	-1,5%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	1,7%	1/60	-7,1%	2,3%	46/1958	-0,6%
3.11. Kynferðisleg áreitni	3,3%	2/61	3,3%	1,0%	20/1976	2,3%

Í matsþættinum Vinnustaðurinn kemur fram að í Akurskóla er styttning vinnuvikunnar viðurkennd í 82,2% tilvika samkvæmt kjarasamningi sem er hærra en landsmeðaltal sem er 76,1%. Starfsfólk Akurskóla eru einnig tölfraðilega marktækt ánægðari með styttningu vinnuvikunnar þar sem 59,5% lýsa ánægju samanborið við 42,7% á landsvísu.

Starfsandi í Akurskóla er metinn á 5,6 á skalanum frá 1 til 9 sem er hærra en landsmeðaltalið sem er 5,3. Stuðningur frá samstarfsfólki er einnig betri í Akurskóla með einkunnina 5,8 samanborið við 5,2 á landsvísu þetta er tölfraðilega marktækur munur upp á 0,6%.

Þrátt fyrir jákvæðar niðurstöður í flestum þáttum er áhyggjuefni að 3,3% starfsfólks í Akurskóla hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á síðustu sex mánuðum samanborið við 1% á landsvísu. 1,6% starfsfólks töldu sig hafa upplifað einelti á vinnustað sem er þó lægra en hlutfallið á landsvísu sem er 1,9%.

Að lokum er stuðningur við nýsköpun í Akurskóla metinn á 5,9 sem er hærra en landsmeðaltalið 5,2 og tölfræðilega marktækur. Þessar niðurstöður benda til þess að Akurskóli standi almennt betur en landsmeðaltalið í ýmsum þáttum sem varða starfsánægju og vinnuumhverfi þó að ákveðin áhyggjuefni eins og kynferðisleg áreitni þurfi að taka til skoðunar.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,7	60	0,2	5,3	1.928	0,4*
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,3	59	0,3	5,4	1.917	-0,1
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,5	60	0,2	5,2	1.911	0,3
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	-	-	-	-	-	-
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	-	-	-	-	-	-

Í matsþættinum Stjórnun má sjá að stuðningur frá næsta yfirmanni í Akurskóla hefur aukist frá 5,4 árið 2021 í 5,7 árið 2025 sem er í samræmi við landsmeðaltal sem er stöðugt í 5,3. Þessar niðurstöður hafa tölfræðilega marktækt gildi. Kennarar og annað starfsfólk í Akurskóla metur stuðning frá næsta yfirmanni hærra en landsmeðaltal með einkunnina 5,7 samanborið við 5,3. Valdeflandi forysta hefur einnig aukist með Akurskóla sem skorar 5,5 á móti landsmeðaltali 5,2 árið 2025. Kennarar í Akurskóla skora valdeflandi forystu yfirmanns á 6,1 sem er hærra en annað starfsfólk sem skorar 5,0. Sanngjörn forysta hefur einnig sýnt framfarir þar sem Akurskóli skorar 5,3 árið 2025 sem er í samræmi við landsmeðaltal. Það er athyglisvert að samband við næsta yfirmann veldur lítið sem ekkert streitu hjá starfsfólki í Akurskóla. Þessar niðurstöður benda til þess að Akurskóli sé að bæta stjórnun og stuðning við starfsfólk sitt sem hefur jákvæð áhrif á starfsanda og starfsumhverfi.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,7	30	0,8	5,2	1.165	0,5
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,0	30	-0,5	5,1	1.146	-0,1
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,0	26	-0,1	5,2	993	-0,2
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	33,9 mín	27	13,5 mín	40,3 mín	1.009	-6,4 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	80,0%	24/30	31,6%	62,2%	732/1176	17,8%*
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	44,0%	11/25	-6,0%	48,4%	531/1096	-4,4%
5.7. Hópvænna í bekk	48,0%	12/25	1,8%	36,5%	378/1037	11,5%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	32,0%	8/25	11,3%	31,5%	350/1111	0,5%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	53,6%	15/28	-10,9%	55,5%	625/1126	-1,9%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	7,4%	2/27	4,1%	14,7%	155/1055	-7,3%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	76,7%	23/30	-16,8%	75,8%	870/1147	0,8%

Síðustu þrír matsþættirnir voru einungis til kennara. Ánægja með kennarastarfið mælist 5,7 stig af 9 mögulegum sem er aðeins yfir landsmeðaltali sem er 5,2 stig.

Trú kennara á eigin getu er svipuð og landsmeðaltal eða 5,0 stig samanborið við 5,1 stig á landsvísu.

Hvað varðar kennsluhætti þá undirbúa 80% kennara í Akurskólakennslu sína aðallega í skólanum sem er töluvert hærra hlutfall en landsmeðaltal (62,2%) með tölfræðilega marktækum mun. Um 44% kennara kenna öllum bekknum í einu og 48% nota einstaklingsmiðuð kennslu. Áhersla er lögð á fjölbreytt námsmat án hefðbundinna prófa en aðeins 7,4% kennara nota mikið hefðbundin próf.

Samskipti við foreldra eru góð og regluleg með upplýsingamiðlun sem mælist 5,0 á móti landsmeðaltali upp á 5,2. Kennarar senda reglulega upplýsingar til foreldra um námsárangur, hegðun og líðan nemenda.

Þróun milli ára sýnir nokkrar sveiflur en almennt jákvæða niðurstöðu. Skólinn hefur náð að viðhalda góðum starfsanda þrátt fyrir áskoranir og breytingar í skólastarfinu. Helstu styrkleikar eru há starfsánægja, góð upplýsingamiðlun og fjölbreyttar kennsluaðferðir en helstu áskoranir felast í að mæta þörfum ólíkra nemendahópa og tryggja nægan undirbúningstíma fyrir kennslu.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,7	26	-0,1	5,0	1.017	0,7*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,8	26	1,1	5,2	1.004	0,6*
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,3	29	0,6	5,4	1.136	-0,1
6.4. Samráð um kennslu	5,7	29	0,0	5,4	1.093	0,3
6.5. Samvinna um kennslu	6,2	28	-0,2	5,7	998	0,5*

Hér má sjá niðurstöður um starfsumhverfi kennara og ánægjulegt að sjá að skólinn sýnir almennt góða stöðu í flestum þáttum og mælist marktækt yfir landsmeðaltali á mörgum sviðum.

Stuðningur við kennara vegna námserfiðleika mælist 5,7 stig sem er nokkuð yfir landsmeðaltali sem er 5,0. Kennarar hafa almennt góðan aðgang að stuðningi, bæði innan og utan kennslustofunnar.

Hvað varðar stuðning vegna hegðunarörðugleika mælist skólinn með 5,8 stig sem er einnig yfir landsmeðaltali sem er 5,2. Það sem er sérlega jákvætt er að þessi þáttur sýnir verulega framför frá 2023 þegar mælingin var 4,7. Um þriðjungur kennara fær reglulega aðstoð með hegðunarvanda í kennslustofunni.

Faglegur stuðningur skólastjóra mælist 5,3 stig sem er svipað og landsmeðaltal upp á 5,4. Þessi þáttur hefur verið nokkuð stöðugur milli ára. Samráð um kennslu er einn af styrkleikum skólans og mælist 5,7 stig sem er yfir landsmeðaltali upp á 5,4. Teymiskennsla er áberandi í skólanum þar sem um 75% kennara sækja teymisfundi vikulega eða mánaðarlega. Þá er samvinna um kennslu einnig mjög sterk og mælist 6,2 stig sem er töluvert yfir landsmeðaltali upp á 5,7, með tölfræðilega marktækum mun.

Heildarniðurstaðan bendir til þess að Akurskóli sé með öflugt faglegt samstarf milli kennara, góðan stuðning við kennara með nemendur í vanda og virka teymiskennslu. Helstu tækifæri til umbóta felast í að efla enn frekar faglegan stuðning skólastjóra og auka gagnkvæma endurgjöf milli kennara.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	75,9%	22/29	38,0%	53,1%	597/1125	22,8%*
7.2. Símenntunarpörf kennara	5,9	29	0,5	5,3	1.126	0,6*
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	1	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	23,3%	7/30	-21,5%	44,0%	499/1134	-20,7%*
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	30	-	-	-	-

Niðurstöður matsþáttar um símenntun kennara í Akurskóla sýna mjög jákvæða þróun á síðustu árum. Árið 2025 sóttu 75,9% kennara skólans símenntun í fleiri en 10 daga sem er umtalsvert hærra en landsmeðaltal sem er 53,1%.

Símenntunarpörf kennara í skólanum mælist 5,9 á kvarðanum 1-9 sem er aðeins yfir landsmeðaltali sem er 5,3. Kennarar telja mesta þörf á símenntun í nýjungum í kennslufræði þar sem 77,8% telja mikla eða nokkra þörf á aukinni þekkingu. Einnig er mikil þörf á sviði upplýsinga- og samskiptatækni (86,2%), kennslu nemenda með sérþarfir (79,3%) og hegðunar- og agamála (82,8%).

Hvað varðar leiðir til símenntunar nýta kennarar Akurskóla fjölbreyttar aðferðir. Langflestir sækja námskeið (96,7%) og fyrirlestra (90%). Rúmlega helmingur kennara (53,3%) tekur þátt í samstarfsverkefnum með öðrum kennurum innan skólans og 46,7% sækja ráðstefnur eða málstofur. Þetta bendir til þess að kennarar séu virkir í að viðhalda og auka við faglega þekkingu sína með margvíslegum hætti.


Þegar á heildina er litið má sjá að Akurskóli leggur mikla áherslu á símenntun kennara og er yfir landsmeðaltali í mörgum lykilþáttum. Skólinn virðist hafa náð góðum árangri í að styðja við og hvetja kennara til símenntunar sem endurspeglast í háu hlutfalli þeirra sem sækja reglulega símenntun og lágu hlutfalli þeirra sem telja sig þurfa meiri símenntun.

5.3. Íslenska æskulýðsrannsóknin


Íslenska æskulýðsrannsóknin er lögð fyrir nemendum í 4. til 10. bekk þar sem spurt er um margvíslegar snýr að börnum og unglingum og þeirra lífi. Akurskóli fær skýrslu um niðurstöður hjá okkar nemendum en könnunin var lögð fyrir í febrúar til apríl 2025. Í skýrslunni sem skólinn fær eru birtar helstu niðurstöður en hér birtum við helstu niðurstöður fyrir 6. – 10. bekk. Þessar niðurstöður nýtast ekki eingöngu skólanum heldur einnig foreldrum til að sjá

stöðuna í okkar hverfi.


Oft þreytt í skólanum




Depurð daglega eða oft




Kvíði daglega eða oft




Eiga góða vini eða góðar vinkonur



Fá tilfinningalegan stuðning og hjálp frá fjölskyldu




Lífsánægja




Helstu niðurstöður má sjá á meðfylgjandi myndum. Þar má t.d. sjá að okkar nemendur eru oftar daprari en samnemendur þeirra bæði á Suðurnesjum og á landinu öllu. Lífsánægja og er þó almennt meiri og tilfinningalegur stuðningur einnig. Okkar nemendur eru líklegri til að treysta fullorðnum í skólanum og sínum kennurum og einnig telja þau mikilvægara að leggja sig fram en samnemendur þeirra bæði á Suðurnesjum og á landinu. Þau upplifa þó minni vinnufrið í kennslustundum en samnemendur þeirra bæði á Suðurnesjum og landinu öllu.

Fullorðinn í skólanum sem gott er að tala við




■ Strákar ■ Stelpur

Treysta kennurum




■ Strákar ■ Stelpur

Upplifa vinnufrið í kennslustofunni



■ Strákar ■ Stelpur

Telja mikilvægt að leggja sig fram í námi



■ Strákar ■ Stelpur

5.4. Viðhorfskönnun meðal foreldra

Eins og síðustu skólaár var ákveðið að skoða sérstaklega viðhorf foreldra í 3., 6. og 9. bekk til skólans. Foreldrar og forráðamenn svöruðu könnun um leið og þeir komu út frá umsjónarkennara á samtalsdegi í janúar og var óskað eftir að þeir tækju afstöðu til ákveðinna þátta í skólastarfinu. Þeir þættir sem verið var að kanna voru traust og ánægja með skólann, samskipti og umhverfi, námsmat og kennsluaðferðir og upplýsingamiðlun og samskipti við foreldra. Auk þess var opin spurning í lokin ef foreldrar vildu koma einhverju á framfæri við stjórnendur.

3. bekkur

24 foreldrar nemenda í 3. bekk svöruðu könnuninni en í árganginum eru 31 nemandi. Niðurstöðurnar voru heilt yfir góðar og ánægjulegt að sjá að foreldrar bera traust til starfsfólks skólans, finnst þau velkomin í skólann og upplifa að kennarar séu metnaðarfullir fyrir námi nemenda. Upplýsingamiðlun kom ekki eins vel út og sérstaklega virðast foreldrar nemenda í 3. bekk ekki fylgjast með netmiðlum skólans reglulega. Svörun foreldra eftir flokkun má sjá á myndunum hér að neðan:


Traust og ánægja með skólann



Samskipti og umhverfi

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála

- Samskipti milli nemenda eru góð í skólanum.
- Barninu mínu líður vel í skólanum.
- Skólinn tekur af festu á agavandamálum.
- Ég fylgist vel með námi barnsins míns m.a. í gegnum Mentor.
- Ég var ánægð/ ánægður/ ánægt með samtalsdaginn í dag.
- Skólinn tekur af festu á eineltismálum sem upp koma í skólanum.



Námsmat og kennsluaðferðir

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála

- Kennarar barnsins leggja metnað í að kennslan sé góð.
- Kennarar nota fjölbreyttar aðferðir við námsmat í skólanum.
- Námsmat í skólanum gefur mér sem forráðamanni skýra sýn á stöðu barnsins míns.
- Börnunum eru sköpuð skilyrði til að ná árangri í námi.
- Skólinn hvetur barnið mitt til að skila góðum námsárangri.



Upplýsingamiðlun og samskipti við foreldra

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála


- Upplýsingamiðlun/ upplýsingaflæði frá skólanum er gott.
- Skólinn hefur kynnt stefnu sína og markmið með skýrum hætti.
- Skólinn tekur tillit til óska og athugasemda foreldra.
- Ég fylgist með heimasíðu skólans reglulega.
- Ég fylgist með facebook síðu skólans reglulega.



6. bekkur

Svörun foreldra í 6. bekk var frekar góð 33 foreldrar svöruðu en 37 börn eru í bekknum. Heilt yfir virðast foreldrar nemenda í 6. bekk vera ánægðir með skólann en svipað var uppi á teningnum og í 3. bekk þar sem foreldrar virðast ekki fylgjast með heimasíðu skólans. Svörun foreldra eftir flokkun má sjá á myndunum hér að neðan:

Traust og ánægja með skólann



Samskipti og umhverfi



Námsmat og kennsluaðferðir



Upplýsingamiðlun og samskipti við foreldra




9. bekkur

22 svör bárust frá foreldrum 30 barna í 9. bekk í ár. Líkt og í 3. og 6. bekk voru ánægjulegar niðurstöður í 9. bekk eins og sjá má á myndinni. Áhyggjuefni er þó hversu hátt hlutfall foreldra segja að barninu þeirra líði ekki vel í skólanum og að skólinn taki ekki á agamálum af festu. Við munum rýna í þær niðurstöður og bregðast við eins og hægt er. Svörun foreldra eftir flokkun má sjá á myndunum hér að neðan:

Traust og ánægja með skólann

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála

- Ég treysti starfsfólki skólans.
- Mér finnst ég vera velkomin/ velkomin/ velkomið í skólann.
- Ég er ánægð/ ánægður/ ánægt með stjórnun skólans.
- Skólinn nýtur virðingar í samfélaginu.
- Skólastjórnendur og kennarar eru áhugasamir um að bæta skólastarfið.



Samskipti og umhverfi

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála


- Samskipti milli nemenda eru góð í skólanum.
- Barninu mínu líður vel í skólanum.
- Skólinn tekur af festu á agavandamálum.
- Ég fylgist vel með námi barnsins míns m.a. í gegnum Mentor.
- Ég var ánægð/ ánægður/ ánægt með samtalsdaginn í dag.
- Skólinn tekur af festu á eineltismálum sem upp koma í skólanum.



Námsmat og kennsluaðferðir

● Mjög sammála ● Frekar sammála ● Hvorki né ● Frekar ósammála ● Mjög ósammála

- Kennarar barnsins leggja metnað í að kennslan sé góð.
- Kennarar nota fjölbreyttar aðferðir við námsmat í skólanum.
- Námsmat í skólanum gefur mér sem forráðamanni skýra sýn á stöðu barnsins míns.
- Börnunum eru sköpuð skilyrði til að ná árangri í námi.
- Skólinn hvetur barnið mitt til að skila góðum námsárangri.



Upplýsingamiðlun og samskipti við foreldra



5.5. Niðurstöður eineltisteymis

Eineltisteymi er starfrækt við Akurskóla. Í því sitja Ragnhildur Birna Hauksdóttir nemendaráðgjafi, Guðrún Gunnarsdóttir deildarstjóri 6.-10. bekk, Katrín Jóna Ólafsdóttir deildarstjóri 1.-5. bekk og Jóna Særún Sigurbjörnsdóttir sérfræðingur í stoðþjónustu Einnig koma umsjónarkennarar að málum og eru með í viðtölum.

Á þessu skólaári bárust tvær tilkynningar vegna gruns um einelti. Annað málið var í 10. bekk og hitt í 6. bekk. Unnið var eftir eineltisáætlun Akurskóla og gekk vel að vinna úr tilkynningunum. Báðum málum hefur verið lokað.

Verklagi hefur verið breytt í vinnslu eineltismála þegar verið er að upplýsa starfsfólk um málin.

5.6. Foreldrasamtöl

Í ár var ákveðið að hafa tvo samtalsdaga á skóladagatali og voru þeir 19. september og 29. janúar. Tímapantanir fóru fram í gegnum Mentor.

Samtalsdagurinn í september var hugsaður fyrir nemendur, foreldra og kennara til að kynnast betur og einnig setja sér markmið fyrir skólaárið. Eftir samtalsdaginn var send út spurningakönnun til kennara um hvernig dagurinn hefði gengið.

Mæting foreldra var mjög góð 19. september dag eins og sjá má á mynd.

3. Hve hátt hlutfall foreldra mætti á samtalsdaginn eða annan dag í kringum samtalsdaginn? Námunnaðu að næsta tug.



Mikil ánægja var líka með daginn meðal kennara eins og sjá má hér og nýttist hann næstum öllum frekar vel eða mjög vel.

5. Hve vel nýttist samtalsdagurinn þér, foreldrum og nemendum?




Samtalsdagurinn í janúar var nemendastýrður, líkt og árið á undan, og voru stjórnendur búnir að útbúa eyðublað fyrir kennara til þess að nýta sér í þá vinnu með nemendum. Um var að ræða þrjár mismunandi útgáfur, fyrir yngsta-, mið- og unglingastig, þar sem nemendastýringin var mismikil eftir því hvað hentaði hverju aldursbili. Kennarar í 3. bekk létu svo nemendur í árganginum gera sérstök spjöld sem voru notuð sem grunnur að viðtalinu og heppnaðist það mjög vel.

Í kjölfar samtalsdagsins í janúar var send út könnun þar sem kennarar voru spurðir út í hvernig samtalsdagurinn gekk. Gaman var að sjá hve margir voru að láta nemendur alfarið stýra samtölunum og enn og aftur kemur fram mikil ánægja með fyrirkomulag samtalsdagsins í janúar.


3. Að hve miklu leyti voru samtölin nemendastýrð? (0 stig)

● Að engu leyti	1
● Að mjög litlu leyti 0-20%	1
● Að nokkru leyti 20-40%	2
● Um helmingur 40-60%	0
● Að meirihluta 60-80%	1
● Að stórum hluta 80-95%	11
● Að öllu leyti 100%	1




4. Hver talaði mest í viðtalinu? (0 stig)

● Kennari	4
● Nemandi	12
● Foreldri	1



6. Hver var upplifun þín af deginum? (0 stig)


● Mjög góð	13
● Frekar góð	4
● Hvorki né	0
● Frekar slæm	0
● Mjög slæm	0



5.7. Samtöl

Öllu starfsfólki skólans stóð til boða að fara í starfsmannasamtöl á vorönn. Kennarar fóru í samtöl til skólustjóra og annað starfsfólk skiptist á milli aðstoðarskólustjóra eða deildarstjóra. Starfsfólk fyllti út rafrænt eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Stjórnendur skráðu á sig starfsfólk til viðtals af handahófi. Svör starfsfólks voru notuð sem grunnur í viðtölunum. Viðtölin gengu vel og af 77 sem svöruðu mættu 61 til viðtals.

Spurt var um líðan, starfsánægju, árangur í starfi og samstarf við hina ólíku aðila innan skólasamfélagsins.




Við sjáum mikinn mun til hins betra á líðan, starfsánægju og samstarfi meðal alls starfsfólks frá síðasta skólaári sem er mjög jákvætt.

Starfsfólk sá margt í skólastarfinu sem hægt var að hrósa. Hrósi starfsfólks var safnað saman á Padlet vegg og birt öllum og var almenn ánægja með það.

5.8. Moodup púlsmæling

Reykjanesbær tók upp mælingar meðal starfsfólks Reykjanesbæjar á seinasta skólaári þar sem könnuð var starfsánægju og í ár voru sendar út fjórar kannanir frá nóvember til maí.

Hver starfsmaður fékk um 10 spurningar í hvert sinn úr 200 spurninga banka. Starfsánægja jókst mikið á skólaárinu og hækkaði frá 7,3 undir lok síðasta skólaárs í 8,4 undir lok skólaársins.



Helstu niðurstöður voru kynntar á fundi starfsfólks og verður unnið áfram með að bæta starfsandann og ánægju á næsta ári þar sem við munum reyna að halda við styrkleikum og gera betur í veikleikum. Helstu styrkleikar Akurskóla voru „Andrúmsloftið á vinnustaðnum er jákvætt og hvetjandi“ og „Kerfi og ferlar vinnuveitanda míns hjálpa mér að sinna starfi mínu vel“ sem voru báðir 0,9 yfir meðaltali. Aðeins einn þáttur í veikleikum mældist langt undir meðaltali. En það er „Ég býðst oft til að vinna verk sem eru ekki endilega í mínum verkahring“ sem var 0,9 undir. Aðrir þættir í veikleikum voru 0,1 upp í 0,3 undir meðaltali.

5.9. Kennslurýni og samtöl

Undanfarin ár hafa stjórnendur tekið kennslurýni hjá öllum kennurum en í ár breytum við til að báðum kennara að rýna hvorn annan. Kennarar völdu kennara sem þeir höfðu áhuga á að fylgjast með og höfðu til viðmiðunar punkta sem sjá má á myndinni hér fyrir neðan. Áður en sú vinna fór af stað höfðu kennarar tækifæri til að taka sjálf sig upp á myndband og horfa á eigin kennslu með sambærilegum hugmyndum en allir þættir voru unnir upp úr niðurstöðum Quint rannsóknarinnar. Spjall var tekið um gagnsemi, kosti og galla þess að hafa kennslurýnina svona á deildarfundum og almenn ánægja var meðal kennara með að gera þetta svona. Kennurum fannst gott að fá tækifæri til að fylgjast með hver öðrum og ræða kennsluna á faglegum nótum. Kennslurýni næsta skólaárs verður ákveðin í samráði við kennara með haustinu. Við gerum ráð fyrir að bjóða upp á kennslurýni frá stjórnendum fyrir

þá sem vilja. Einnig gerum við ráð fyrir að auka samtalið og vinnsluna þannig að rýnin gagnist enn betur.

Þættir	ATH	Stig (1-5)	Athugasemdir
Vitsmunalegar áskoranir	Fá nemendur efni við hæfi, sem reynir á, eru þær mismunandi eftir þörfum nemenda?		
Samræður nemenda	Eru nemendur að eiga samræður tengdar námi sem reyna á lausnamiðun, veita þeim áskoranir?		
Markmið ljós	Er tilgangur námsins skýr og markmið öllum ljós?		
Útskýringar	Er verkefnið eða innlöggnin skýr og fylgist kennari með því að allir séu virkir?		
Sýnikennsla	Eru gefin góð dæmi um hvernig er hægt að leysa verkefni?		
Tengingar	Er námið tengt við fyrra nám og nám sem á eftir að eiga sér stað?		
Yfirsýn	Nær kennari til allra nemenda án þess að gefa þeim svörin?		
Endurgjöf	Er endurgjöf markviss og góð?		
Bekkjarstjórnun	Eyðir kennari miklum tíma í að halda aga, er góður vinnufriður?		

1 - þarfnast skoðunar eða sást ekki í kennslustund, 5 - vel skilgreint og greinilegt í tímanum

5.10. Lestrarskimanir

Í Akurskóla eru lagðar reglulega fyrir skimanir í lestri s.s. Logos og Lesfimi ásamt Orðarún. Kennarar leggja þessar skimanir fyrir og vinna úr þeim og gera áætlanir um áframhaldandi vinnu til að efla lestur og læsi í sínum árgangi í samstarfi við deildarstjóra.

3. bekkur – rýnisamtöl með kennsluráðgjöfum

Kennsluráðgjafar komu í skólann um miðjan mars og voru með rýnisamtöl við deildarstjóra stoðþjónustu, sérkennara og bekkjarkennara í 1. og 3. bekk. Þar var rýnt í nemendur bekkjanna út frá lestrarfærni og niðurstöður Lesferlis skoðaðar. Í gegnum samtalið var framhaldið ákveðið, hvaða nemendur þarf að halda betur utan um, hvaða nemendur við höldum að þyrftu að fá aðgang að hljóðbókasafninu og hvernig við sjáum fyrir okkur lestrarþjálfun bekkjarins.

6. bekkur - Logos-læsissskimun

Í Logos í 6. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar. Út frá niðurstöðum lesferils sem lagt var fyrir í maí og september voru 18 nemendur af 37 undir viðmiðum og ekki með neina lestrarörðuleika sem vitað var um. Eftir nánari skoðun var ákveðið að skima 13 með greiningarprófinu Logos, en þeir nemendur sem standa út af eru nemendur sem eru að glíma við annan vanda og við

teljum við það vera rótina að lestrarerfiðleikum þeirra. Kennsluráðgjafar frá menntasviði kynntu niðurstöður fyrir kennurum og deildarstjóra stoðþjónustu á fundi.

Niðurstöður skimunar Logos sýndu fram á að kanna þurfti frekar 7 nemendur, 6 af þeim greindust með lesblindu og 1 með lestrarerfiðleika. Allir nemendur í 6.bekk fóru í gegnum PALS þjálfunarefnið á seinni önninni þetta skólaárið. Í lesfimiþrófi Lesferils í vor sáust framfarir hjá öllum nemendum nema þremur.

8. bekkur - Logos-læsissskimun

Í Logos í 8. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir viðmiðum 2 í lesfimiþrófi Lesferils og hafa ekki fengið lesblindugreiningu nú þegar. Þessi skimun fór fram 28.mars og voru fjórir nemendur skimaðir. Í kjölfar hennar kynntu kennsluráðgjafar frá menntasviði niðurstöður fyrir kennurum og deildarstjóra stoðþjónustu. Eftir skimunina var ákveðið að senda tvo nemendur áfram í greiningarferli. Þegar þessi skýrsla er skrifuð þá liggja niðurstöður þeirra greininga ekki fyrir.


3. – 8. bekkur - Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:


- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

Prófin eru lögð fyrir að hausti í október og svo að vori í febrúar.

Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir og fóru yfir þau. Deildarstjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.



Hér fyrir ofan má sjá meðaltal hvers árgangs í hvoru prófi fyrir sig. Akurskóli miðar við að meðaltal árgangs sé fyrir ofan 65% og erum við sífellt að nálgast þá tölu. Töluverðar framfarir voru á milli ára í öllum árgöngum skólans. Sérstaklega gaman er að skoða framfarirnar sem urðu í fjórum bekkjum af sex, einn bekkur stóð í stað á milli prófa en einn bekkur lækkaði sig.



Hér má sjá að hlutfall þeirra nemenda sem svöruðu 11-20 atriðum rétt af 20 fjölgar á milli prófa í fjórum árgöngum af sex. Framfarirnar eru miklar í tveimur árgöngum. Í kjölfarið á fyrirlögn prófanna beggja mátu kennarar niðurstöður og fylgdu þeim eftir með þjálfun í bekk og endurmati.

1. – 10. bekkur - Lesfimi

Lesferill - lesfimi var lagt fyrir í 1.-10. bekk.

1. bekkur: Lesskimunarpróf í september

1.-10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.

1.-10. bekkur: sjónrænn orðaforði og orðleysur í september, janúar og maí eftir þörfum.

Lesviðmiðin samanstanda af þremur flokkum:

- Viðmið 1 sem 90% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 2 sem 50% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 3 sem 25% nemenda eiga að uppfylla

Umsjónarkennarar í 1. - 6. bekk lögðu prófin fyrir hjá sínum nemendum en í 7. - 10. bekk lögðu íslenskukennarar lesfimiprófin fyrir alla nemendur í september, janúar og maí. Eftir fyrirlögn voru niðurstöður skráðar inn í Skólagátt og kennarar fengu stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísu og unnu út frá henni. Deildarstjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.

Niðurstöður lesskimunarprófs í 1. bekk og lesfimiprófa í öllum árgöngum voru færðar í Mentor og einnig kynntar á samtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Niðurstöðum lesskimunarprófs var einnig skilað inn til menntasviðs til úrvinnslu.


Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendur með slaka stafa- og hljóðabekkingu fengu sérkennslu í lestri strax um haustið ásamt endur innlögn á stöfum ef þess þurfti. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara eða öðrum kennurum. Nemendur yngri bekkjanna lásu fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa reglulega. Allar bekkjardeildir voru með lestrarátak nokkrum sinnum yfir skólaárið. Lestarátakan voru ýmist hjá einni bekkjardeild fyrir sig eða bekkirnir tóku sig saman og voru með sameiginleg átök með verðlaunum að lokum. Það var mikið lagt upp úr lestrarþjálfun í öllum skólanum þetta skólaárið og við teljum okkur sjá góðan árangur af þeirri vinnu hjá nemendum skólans. Margar bekkjardeildir nýttu efnið Eitt skref í einu og Fimmuna.

Þegar súluritinn hér fyrir neðan eru skoðuð sýna þau að lestrarfærni nemenda hefur batnað á þessu tímabili.


Færri nemendur eru undir lægsta viðmiði í maí 2025 samanborið við september 2024.

Á móti kemur að fleiri nemendur eru yfir þriðja viðmiði á sama tíma. Skemmtilegt er að segja frá því að færri nemendur í 6. bekk eru undir viðmiði 1 heldur en yfir allt landið. Einnig sést góð þróun í 9. bekk, þar sem stór hluti nemenda færðist upp um viðmið á milli mælinga.

Allir bekkir í Akurskóla sýna jákvæða þróun, þar sem hlutfall nemenda undir 1. viðmiði minnkar og þeim sem eru yfir 2. og 3. viðmiði fjölga.



Fyrsta súlan sýnir viðmið MMS fyrir alla árganga. Í september eru nemendur Akurskóla nokkuð frá þessu viðmiði.



Í maí má sjá að allir árgangar ná töluverðum framförum í lesfimi. Nemendum undir viðmiði 1 hefur fækkað verulega og hlutfall nemenda milli viðmiðs 2 og 3 og yfir viðmiði 3 hefur hækkað.

5.11. Stærðfræðiskimanir

Akurskóli leggur fyrir skimunarprófið Talnalínu. Það skimunarpróf er tiltölulega nýtt matstæki og er þetta fjórða skólaárið sem skimunarprófið er notað. Talnalína er próf sem metur grunnþætti stærðfræðinnar í 3., 6. og 8. bekk. Stærðfræðikennarar bekkjanna leggja

prófin fyrir en deildarstjóri stoðþjónustu er þeim innan handar. Eftir fyrirlögnina skrifa kennarar stutta greinagerð þar sem kemur fram hvernig prófið kom út og hvað kennarar ætla að gera í kjölfarið.

Talnalína í 3., 6. og 8. bekk

Talnalína er stöðupróf í stærðfræði sem lagt er fyrir nemendur í 3. og 6. bekk fyrir lok janúar og lagt fyrir nemendur í 8. bekk fyrir lok mars. Kennarar leggja þessi próf fyrir og kynna svo sjálfir niðurstöðurnar fyrir deildarstjóra stoðþjónustu.

Prófið metur hvar nemandinn stendur í því efni sem kennt hefur verið. Dæmin í prófinu eru metin sem A, B eða C hæfni, og er það stefna skólans að sem flestir nái B hæfni í öllum efnispáttum í lok skólaársins. Niðurstöður Talnalínu eru ekki reiknaðar í prósentum eða raðeinkunn. Niðurstöðurnar sýna einungis hvar einstaka nemandi stendur og hvað hann þarf aðstoð með til að efla enn frekar færni sína.

Prófinu fylgir ítarefni sem kennarar nýta sér ef nemandi hefur ekki náð B hæfni í ákveðnum efnispáttum. Ef vinnan með ítarefni skilar ekki tilætluðum árangri koma kennsluráðgjafar með tillögur að næstu skrefum.

Talnalína var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í janúar 2025. Könnunin var lögð fyrir allan árganginn nema einn nemanda sem er að vinna í öðru námsefni í stærðfræði. Farið var í undirbúningsvinnu í desember og janúar, þar sem nemendur fengu innlögn og dæmi til að æfa sig á.

Eftir skimunina fengu allir sem náðu ekki B eða C hæfni í ákveðnum þáttum, æfingardæmi heim. Það voru 73% nemanda. Hins vegar voru tæplega 70% nemenda sem náðu A hæfni í einhverjum þáttum skimunarinnar.

Nemendum í 3. bekk gekk nokkuð vel heilt yfir. Farið verður í upprifjun í að taka til láns þar sem 60% nemenda náðu ekki að taka til láns. Tveir nemendur bættust við í sérkennsluhóp bekkjarins í stærðfræði út frá niðurstöðum könnunarinnar.

Talnalína var lögð fyrir 6. bekk í janúar 2025. Könnunin var lögð fyrir 36 nemendur í tvennu lagi í samliggjandi tímum, fyrir og eftir nesti og frímínútur. Nemendur höfðu æft sig fyrir skimunina frá nóvember.

Langflestir nemendur hafa náð A eða B hæfni í flestum þáttum. Tveir stjörnumerktir nemendur tóku einnig könnunina og gekk frekar vel, þótt að á sumum stöðum hafi C hæfni ekki verið komin, eins og t.d. í tugabrotum.

Fáir nemendur höfðu ekki náð C hæfni og þá bara í einum eða tveimur liðum, algengast var að sjá C hæfni ekki náð í tuga- og almennum brotum, deilingu, frádrætti og formum. Það voru samtals 8 nemendur sem náðu ekki C hæfni í þessum liðum.

Strax eftir könnunina fengu allir nemendur sem á þurftu að halda ítarefni sem unnið var í skólanum og einnig var haldið áfram í almennri grunnþjálfun út skólaárið ásamt öðru efni.

Talnalína var lögð fyrir 8. bekk í febrúar 2025. Könnunin var lögð fyrir 34 nemendur í tvennu lagi, sitthvorn daginn. Nemendur fengu engan sérstakan undirbúning fyrir skimunina en voru þó látnir vita að hún yrði lögð fyrir. Fjórir nemendur luku aðeins öðrum hluta Talnalínunnar.

Fjórir nemendur náðu A og B hæfni í öllum þáttum og fá ekkert aukaefni sent heim. Niðurstöðurnar benda til þess að vinna þurfi markvisst með ákveðin grunnatriði með árganginum í framhaldinu.

6. Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel. Þá var einnig farið yfir hvern viðburð á kaffihúsafundi í lok skólaárs þar sem fleiri athugasemdir komu fram.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur og starfsfólk	Nemendur mættu í heimastofur föstudaginn 23. ágúst, 1.-6. bekkur kl. 8.20 og 7.-10. bekkur kl. 8.30. Dagurinn var skertur og fóru nemendur heim kl. 11. Nemendur voru hjá umsjónarkennurum allan daginn og var öðrum kennurum og starfsfólki skipt á milli árganga. Lögð var áhersla á hópefli. Nemendur í 1. bekk hófu daginn á sal 23. ágúst þar sem var stutt athöfn og fóru nemendur síðan í sitt rými og hófst kennsla þá.
Ólympíu-hlaup ÍSÍ	Allt starfsfólk og viðburðateymi	Með Ólympíuhlaupi ÍSÍ er leitast við að hvetja nemendur skólanna til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Nemendur reyna að hlaupa/ganga eins langt og þeir geta á 80 mínútum. Að hlaupinu loknu fær hver skóli viðurkenningarskjal þar sem greint er frá fjölda þeirra sem hlupu ásamt heildarvegalengd sem hlaupin var. Það skal tekið fram að hér er fyrst og fremst lögð áhersla á holla hreyfingu og að allir taki þátt. 70% nemenda fóru 5km eða meira í hlaupinu sem er frábær árangur. Nemendur 6. bekkjar áttu bestan árangur yfir fjölda kílómetra í Ólympíuhlaupinu eða 8,5 km að meðaltali. Nemendur fengu einnig viðurkenningu fyrir að hlaupa fjóra eða fleiri hringi í hlaupinu. Glæsilegur árangur hjá nemendum Akurskóla. Ólympíuhlaup ÍSÍ gekk mjög vel fyrir sig. Allir með hlutverk sín á hreinu. Vorum strangari á tímanum þetta árið sem gekk vel. Verðlaunahafar Ólympíuhlaups ÍSÍ voru 4., 6. og 9. bekkur.
Göngum í skólann	Allt starfsfólk og íþróttakennarar	Markmið verkefnisins, Göngum í skólann, er m.a. að hvetja til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og um leið fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar. Von ÍSÍ er að þetta verkefni sé hvatning fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla allt árið um kring. Nemendur í skólanum voru mjög dugleg að ganga í skólann eða 77% þátttaka var í verkefninu. Göngum í skólann verkefnið tókst mjög vel og voru allir bekkir mjög virkir. Annars komu engar athugasemdir við framkvæmdina á okkar borð. Veitt voru verðlaun fyrir göngum í skólann og Ólympíuhlaupið inn í íþróttasal og gekk það vel fyrir sig. Siguvegarar í Göngum í skólann fengu gullskó og sigurvegarar í hlaupinu fengu viðurkenningarskjal. Verðlaunahafar í Göngum í skólann voru 4., 7. og 10. bekkur.
Þemadagar að hausti	Allt starfsfólk	Þemað var skreytum skólann. Nemendum á hverju stigi var blandað og skipulögðu kennarar verkefni á stöðvum. Unnið

		var með gildi skólans, virðing, gleði, velgengi og uppbyggingastefnuna. Jólin voru þó stærsta verkefnið og var skólinn skreyttur fallegum jólaskeytingum. Íþróttahúsið var opið fyrir þá sem þurftu hvíld frá föndri. Að loknum þemadögum var opið hús þar sem foreldrum var boðið að koma og skoða afraksturinn. Vel heppnaðir þemadagar.
Dagur eineltis	Allt Starfsfólk	Hver og einn árgangur vann verkefni tengt jákvæðum samskiptum.
Dagur íslenskrar tungu	Kennarar	Var haldin hátíðlegur á sal Akurskóla. Nemendur 1. bekkjar ásamt leikskólunum Akri og Holti fengu atriði á sal en í ár kom Áslaug Jónsdóttir rithöfundur og var með skemmtilegan upplestur. 3. -6. bekkur voru með stutt atriði á sal. Nemendur í 7.-10. bekk fóru á sal þar sem spurningakeppni 10. bekkjar og kennara fór fram. Stóra upplestrarkeppnin var sett og færði 8. bekkur nemendum í 7. bekk ræðupúlt.
Upplestrarkeppnin hjá 7.bekk	Stjórnendur	Handbókin með leiðbeiningum fyrir kennara til hvers er ætlast af nemendum í keppninni og hvernig best er að haga undirbúningi keppinnar var send á íslenskukennara í 7. bekk við upphaf skólaárs. Menntasvið heldur utan um keppnina og var með samráðsfundi tvisvar sinnum á skólaárinu. Á Degi íslenskrar tungu var upplestrarkeppnin sett formlega á sal þar sem nemendur í 8. bekk létu ræðupúltið ganga til 7. bekkjar. Það voru tveir nemendur í 8. bekk sem afhentu það og tveir nemendur í 7. bekk sem tóku við því. Tíu nemendur komust áfram úr bekkjarkeppni og tveir fóru fyrir hönd Akurskóla í lokakeppnina sem fór fram í Hljómahöll, og einn til vara. Nemendum í 6. bekk var boðið að koma og horfa á keppnina á sal, ásamt nemendum í 7. bekk og foreldrum keppenda. Dómarar skólaárið 2024-2025 voru Lára Guðmundsdóttir fyrrverandi skólastjóri, Hrafnhildur Hilmarsdóttir fyrrverandi kennari og Ásgerður Þorvaldsdóttir fyrrverandi skólastjóri hjá Reykjanesbæ.
Jólahátíð	Allt starfsfólk skólans	Jólahátíð nemenda var haldin að morgni dags 20. desember. Nemendur héldu litlu jólin inni í bekkjarstofunum sínum ásamt kennara og hélt svo allur skólinn inn í íþróttahús. Þar sýndi 5. bekkur jólaleikrit sem þau voru búin að útfæra og æfa og í kjölfarið dönsuðu nemendur saman í kringum jólatréð.
Prettándinn		Prettándaglegi var haldin 6. janúar 2025 í Narfakotsseylu. Þar var boðið uppá kakó og piparkökur fyrir nemendur og starfsfólk Akurskóla. Fengum kakó frá Soho og það var mjög gott. Nemendur komu í tveimur hópum kl. 8.40 mættu nemendur í 6.-10. bekk og kl. 9.15 nemendur í 1. -5. bekk. Bál var kveikt á eldstæðinu, skotið upp flugeldatertu og spiluð áramótatónlist. Elstu nemendum leikskólanna Akurs og Holts var boðið. Of langt var á milli hópa og á næsta ári verður önnur tímasetning. Falleg og góð stund þó að kuldin hefði verið mikill.

Öskudagur	Allt starfsfólk	Dagurinn var tvískiptur. 1.-5. bekkur fór á milli í stöðvum sem voru skipulagðar af kennurum. Það sem var í boði voru leikir í íþróttahúsi, bíó, þrautir, teikning, dans, púsl og spil. Skóli var frá 8.10-10.40 og var hver árgangur í u.þ.b. 15 mínútur á hverri stöð. Nesti og frímínútur voru ekki þennan dag. Starfsfólk fór í kaffi kl. 10.40 nema þeir sem starfa í frístund sem fóru kl. 9.10-9.30. Gekk vel og voru nemendur ánægðir. Nemendur byrjuðu og enduðu daginn í heimastofu. 6. - 10. bekkur fór í Menntastríð. Nemendum var því skipt í 10 hópa þvert á árganga og gengu á milli stofa og kepptu í hinum ýmsu þrautum sem kennarar voru búnir að setja upp. Liðin gátu fengið allt að 16 stig fyrir hverja þraut. Kennarar voru með lifandi excelskjal þar sem stigin voru færð inn um leið og voru úrslit tilkynnt af deildarstjóra í lok dags. Liðin voru ekki nefnd eftir litum og gátu fengið auka stig fyrir flesta í búningum svo margir komu í grímubúningum. Sigurliðið fékk pizzaveislu í verðlaun.
Árshátíð skólans	Allt starfsfólk skólans	Árshátíð Akurskóla fór fram 3. og 4. apríl. 3. apríl var uppbrotsdagur samkvæmt skóladagatali og var að flestu leiti hefðbundinn kennsludagur nema árgangar komu á sal í generalprufu samkvæmt skipulagi frá deildarstjóra. Gekk æfing vel og nemendur vel undirbúnir. Ungmennahólf Reykjanesbæjar var haldið í Hljómahöll sama dag og 25 nemendur af unglingastigi tóku þátt í því en það kom ekki að sök þar sem við röðuðum generalprufunni þannig upp að þeir bekkir sem áttu fulltrúa á þinginu komu á sal áður en þingið hófst. Árshátíð 7.-10. bekkjar var haldin að kvöldi 3. apríl. Árshátíðin hófst kl. 19 með atriðum frá nemendum. Nemendur í 7. bekk voru með kennaragrín og dans, 8. bekkur var með hæfileikakeppni, 9. bekkur með spurningakeppni og 10. bekkur var svo með hið árlega árshátíðarmyndband sem vakti mikla lukku. DJ Eisi tók svo við og spilaði fyrir nemendur til kl. 23. Nemendaráð bauð upp á leynigest sem var Prettyboitjokko og sló hann í gegn. Umsjónarkennarar í 7.-10. bekk sáu um að vinna á ballinu ásamt þeim sem sjá um Nemendafélagið. Nemendur og umsjónarkennarar í 7.-10. bekk voru svo í fríi 4. apríl. Árshátíð 1.-6. bekkjar var haldin 4. apríl og var henni tvískipt. Kl. 9.00 mættu nemendur 1.-3. bekkjar og kl. 10.30 mættu nemendur 4.-6. bekk. Glæsileg atriði og greinilega mikil vinna lögð í þau. Atriði 3. bekkjar var atriði Akurskóla á hæfileikahátíð grunnskólanna sem var í maí. Eftir atriði á sal var nemendum og gestum boðið uppá köku, kaffi og djús.
Hátíðarkvöld verður 10. bekkjar	Stjórnendur og umsjónarkennarar 10. bekkjar	Hátíðarkvöldverðurinn var haldinn á sal skólans fyrir árshátíð grunnskóla Reykjanesbæjar, 11. apríl. Foreldrar 10. bekkjar sáu um að undirbúa salinn, útvega veitingar, þjóna til borðs og ganga frá. Deildarstjóri sá um að skipuleggja kvöldið en nemendur sáu um skemmtiatriðin. Þau fluttu tónlistariðin og gömul árshátíðariðin. Einnig voru ávörp frá skólastjóra og

		fulltrúa nemenda. Úr varð skemmtilegt kvöld og allir fóru sáttnir á árshátíð í Hljómahöll í rútu með nemendum frá Stapaskóla sem skólinn pantaði.
Vorferðir nemenda	Umsjónarkennarar og deildarstjórar	Í ár var ákveðið að allar vorferðir yrðu farnar þegar námsmati lyki. Það heppnaðist mjög vel og ferðir voru mjög fjölbreyttar í ár. Skólinn greiðir fyrir alla rútur en nemendur greiða fyrir þá viðburði sem fari er í. Passa þarf á næsta ári að setja kostnað við kennara inn í gjaldið hjá nemendum t.d. vegna aðgangseyris.
Þema í maí	Allt starfsfólk skólans	Í 1.-4. bekk var þemað Undir berum himni og skipulagði hver árgangur skemmtilegan viðburð sem var m.a. fjöruferð, sund, útibingó, bókasafnið, pílu og í Njarðvíkurskóga. Vegna veðurs þá þurfti að færa til eða finna ný verkefni. Í 5.-7. bekk var nemendum skipt í fjóra hópa þvert á árganga. Stöðvarnar skiptust í keppni í Akurtröllinu, sund, ratleik og útileiki. Vegna veðurs þurfti að breyta staðsetningum á einhverjum stöðvum. Í 8.-10. bekk var þemað Undir berum himni og þar var nemendum einnig skipt í hópa þvert á árganga. Skipulagt var að fara í gönguferð og grilla en vegna veðurs féll það niður og voru skipulagðar stöðvar í rýmum. Þemadagar gengu vel og var mikil gleði þó að veðrið hafi ekki hjálpað til.
Vorhátíð	Allt starfsfólk skólans	Nemendur mættu kl. 8.40 í heimastofur. Kl. 8.45 var farið í skrudgöngu og var genginn lítill hringur í hverfinu. Að því loknu var byrjað á stöðvum þar sem hver árgangur keppti í ýmsum greinum. Vegna veðurs þá var stöðin slíp'n'slide felld niður og ný stöð í sundlauginni sett á dagskrá sem heppnaðist mjög vel. Að því loknu var boðið í pylsupartý sem kom frá Skólamat. Ágúst keppandi í Söngvakeppni RÚV kom með skemmtiatriði í boði foreldrafélagsins og var hann mjög góður og naut aðstoðar dansara við að flytja eitt lagið. Vel heppnuð hátíð og fóru glaðir og ánægðir nemendur heim.
Skólaslit	Allt starfsfólk skólans.	Skólaslit 1.- 9. bekk var haldin í íþróttasal Akurskóla 6.júní kl. 9.00. Engin tónlistatriði komu frá Tónlistarskólanum þetta árið og þess vegna tók 3. bekkur lögin sín frá árshátíðaratriðinu á skólaslitunum. Nemendur mættu með foreldrum og kvöddu síðan umsjónarkennarar nemendur sína í heimastofu og afhentu þeim vitnisburð og lásu upp hrósskjöl.
Útskriftin hjá 10.bekk	Stjórnendur	Útskriftarathöfn 10. bekkjar fór fram í íþróttahúsinu kl. 14 þann 6. júní, sama dag og vorhátíð fór fram. Í upphafi söng einn útskriftarnemandi lag þar sem engin tónlistaratriði voru frá TR þetta árið. Útskriftin var með hefðbundnu sniði þar sem skólastjóri flutti ávarp, fulltrúi nemenda var með ávarp og umsjónarkennarar fluttu einnig ávarp. Þá voru veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi og mjög góðan námsárangur en viðurkenningarnar voru í formi bókaþjafa sem gefnar voru af félagasamtökum og danska sendiráðinu. Nemendur voru kallaðir upp á svið einn í einu þar sem lesin voru hrósskjöl, þau fengu Akurskólatrefil, rós og

		viðurkenningu þegar við átti. Að athöfninni lokinni voru gestum og starfsfólki boðið í kaffisamsæti á sal skólans sem starfsfólk hafði séð um að útbúa. Dagurinn gekk vel og nægur tími var á milli Vorhátíðar og útskriftar fyrir starfsfólk að skjótast heim í mat og fataskipti frá 12 til 13:30.
Brúum bilið	Stjórnendur og aðrir sem koma að verkefninu	Gott samstarf milli Akurskóla og leikskólanna Akurs og Holts. Nemendur hafa komið í heimsókn með reglulegu millibili. Þeir koma m.a. í íþróttir, nesti, frímínútur og stöðvavinnu.
Lestrar-sprettir	Kennarar	Í nóvember fór 7.-10. bekkur í lestrarsprett þar sem bekkirnir söfnuðu lesnum mínútum og kepptu sín á milli hvaða árgangur náði að lesa mest. 8. bekkur vann og fékk að launum pítsuveislu. Í apríl/maí fór yngsta- og miðstigi í lestrarsprett. Hver og einn nemandi fékk lestrarverkefni við hæfi. Niðurstöður lesfímiprófa voru notuð sem viðmið fyrir hvaða verkefni var lagt fyrir hvern nemanda. Notast var meðal annars við efnið; Eitt skref í einu og þristurinn. Auk þess voru lesnar mínútur bekkjanna hengd upp á vegg á ganginum og þannig hægt að fylgjast með gangi mála. Auk þessa fóru bekkirnir einnig nokkrum sinnum yfir skólaárið í lestrarátök þar sem þeir söfnuðu lesnum mínútum og hópurinn fékk svo umbun að launum.
Lestrar-áskorun	Kennarar	Hófst í febrúar og höfðu nemendur tíma til lok maí að klára áskorunina. Nemendur fengu spjald með ýmsum lestraráskorunum sem þeir áttu að ljúka. Þegar spjaldið var fullt fengu nemendur blýant í verðlaun. Áskorunin gekk vel og nemendur voru áhugasamir. Nemendur mega velja hvort þeir taki þátt í áskoruninni og eftir að tímabilinu lauk voru rúmlega 32% nemenda á yngsta- og miðstigi búnir með áskorunina.

7. Mat á séstökum þróunarverkefnum eða áhersluatriðum

Í ár voru nokkrir þættir til sérstakrar skoðunar af stjórnendum og starfsfólki skólans.

Tveir þættir voru þróunarverkefni sem sneru að leiðsagnarnámi og samþættingu námsgreina á unglingastigi, Akrinum. Þá fórum við í gagngera endurskoðun á viðbrögðum við ofbeldishegðun nemenda. Einnig var haldið áfram með innleiðingu á verkefninu Heilsueflandi grunnskóli.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum þætti fyrir sig.

7.1. Leiðsagnarnám

Leiðsagnarnámsteymið í vetur var skipað Fríðu Hrönn Hallfreðsdóttur, Hildi Maríu Helgadóttur og Ragnheiði Ölmú Snæbjörnsdóttur. Við lok seinasta skólaárs var gerð viðhorfskönnun meðal kennara þar sem spurt var um hver áhersluatriði skólaársins ættu að vera. Í byrjun skólaárs var svo haldinn kaffihúsafundur þar sem kennarar ræddu um það hvernig fólk ætlaði að tileinka sér Leiðsagnarnámið í sinni kennslu yfir skólaárið og hvað fólk vildi læra meira um. Það sama kom fram í viðhorfskönnuninni og á kaffihúsafundinum en þar sem fram kom að kennarar vildu ná að nýta sér meira djúpköfun, köfun og snorkl í kennslu með nemendum. Eftir áramót var farið í þá vinnu og haldnir voru fundir fyrir stigin þar sem rætt var hvernig væri best að byrja á þeirri vinnu. Ákveðið var að yngsta stigið og miðstigið myndi byrja á því að læra að meta eigið nám og vita til hvers er ætlast af þeim en unglingastigið byrjaði að vinna með djúpköfun - köfun - og snorkl. Seinna var svo haldinn vinnufundur þar sem kennarar æfðu sig að gera verkefni þar sem boðið var upp á djúpköfun, köfun og snorkl. Í getublönduðum hópi er djúpnám mikilvægt, námsefnið má ekki vera flokkunartæki. Allir nemendur vinna að sama markmiði á sama tíma en þeir geta valið um að fara misdjúpt.

Einnig voru haldnir vinnufundir þar sem kennurum gafst tími til að kynna sér námsveggi og búa til sinn eigin í sínu rými. Námsveggir eru mikilvægar námsstoðir og er ætlað að stuðla að sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Á námsveggjum eiga nemendur að geta fundið svör við spurningum sem skipta máli og einnig lagt mat á eigin stöðu.

Í lok skólaárs voru kennarar látnir vinna sjálfsmat og einnig voru umræður í hópum um framhaldið. Niðurstöður þessa sjálfsmats má sjá á meðfylgjandi mynd.



7.2. Heilsueflandi grunnskóli

Á skólaárinu 2024-2025 var lögð áhersla á þróun og úrvinnslu gátlista. Aðgerðaáætlun fyrir gátlistann hreyfing var kláruð og unnið var markvisst með gátlistana Starfsfólk og Hreyfingu þar sem farið var yfir hvað vantar og aðgerðir mótaðar í takt við niðurstöðurnar.

Tengiliður ásamt teymi vann að gerð hreyfibæklings fyrir nemendur og starfsfólk skólans sem verður kynntur á næsta skólaári. Í framhaldi af því var dregin grunnlína í nýju gátlistana Lífsleikni og Öryggi sem markar mikilvægt skref í heildarúttekt skólans. Með þessu hefur grunnlína nú verið sett fyrir alla gátlistana. Aðgerðaáætlun fyrir gátlistann Nemendur var einnig kláruð sem styrkir áframhaldandi umbótavinnu innan skólans.

Áherslur skólaárið 2025-2026

Á næsta skólaári verður lögð áhersla á kynningu og innleiðingu þeirra aðgerða sem unnið hefur verið að. Fyrst verður hreyfibæklingurinn kynntur fyrir starfsfólki og nemendum skólans til að stuðla að aukinni vitund og þátttöku í hreyfingu. Aðgerðaáætlun fyrir gátlistann Nemendur verður fullkláruð og markvisst unnið með þann gátlista til að bæta upplifun og aðstæður nemenda.

Einnig verður heilsustefna skólans endurbætt með hliðsjón af breyttum og nýjum gátlistum. Að lokum verður hafist handa við gerð aðgerðaáætlunar fyrir næsta gátlista sem verður tekin fyrir í samræmi við áframhaldandi þróunarvinnu skólans.

7.3. Akurinn

Á skólaárinu var samþætting náttúrugreina, samfélagsgreina og upplýsinga-og tæknimennt í Akrinum. Akurinn er í stundatöflu nemenda í 8.- 10. bekk. Fyrirkomulag var þannig að nemendur vörðu klukkustund á dag í samþætt viðfangsefni og verkefni. Kennarar í Akrinum voru Dóra Björk Ólafsdóttir og Ragnheiður Alma Snæbjörnsdóttir í öllum árgögnum og ásamt þeim var Þorgrímur Guðni Bjarnason í 8. bekk.

Unnið var eftir þeim sem ólík voru eftir áherslum hvers árgangs en sameiginlegt var milli árganga að allir nemendur lærðu um bandarísk og íslensk stjórnmál. Þau þemu gengu vonum framár og var mjög góð þátttaka nemenda. Í 9. bekk var þemað Styrjaldir og stríð unnið í samþættingu við ensku og í 10. bekk var þemað Jafnrétti unnið í samþættingu við íslensku.

Almennt voru nemendur virkir þátttakendur í verkefnum og eru orðnir vanir verklagi samþættingarinnar. Stærsti ávinningur samþættingarinnar á skólaárinu var að nemendur fengu tíma og svigrúm til að vinna verkefni ásamt því að það gáfust góð tækifæri til að samþætta þemu Akursins við aðrar námsgreinar. Verkefnið gekk vel í vetur og verður áframhald á þessari samþættingu næsta skólaár.

7.4. Skólaskjálfti

Á vormánuðum 2024 hófst áhugavert verkefni við skólann þegar keyptur var aðgangur að léni og hýsingu fyrir nýja heimasíðu sem átti að tengja við jarðskjálftamæla og verkefni tengd jarðfræði. Markmið verkefnisins var að veita nemendum og starfsfólki skóla innsýn í jarðskjálftavirkni í rauntíma.

Eftir fund með jarðfræðingi og veðurfræðingi var hafist handa við að safna fræðsluefni og myndum og fengust nauðsynleg leyfi fyrir notkun þess efnis. Þrátt fyrir að nokkur verkefni hafi verið útfærð reyndist erfitt að fá stöðugan aðgang að jarðskjálftamælum sem var grundvallarþáttur verkefnisins.

Þó tókst að tengja mælana tímabundið við síðuna en tæknilegir örðugleikar ollu því að tengingin var óstöðug og aðgangur að mælum rofnaði ítrekað. Þessi vandamál höfðu í för með sér umtalsverða vinnu og kostnað.

Vegna þessara viðvarandi tæknilegu vandamála var tekin ákvörðun um að endurskoða framtíð verkefnisins. Vonir standa til að niðurstaða fáiist í sumar varðandi möguleika á stöðugri tengingu við mælana en óvissa ríkir um framhaldið. Verkefnið verður ekki endurvakið nema tryggja megi áreiðanlegan aðgang að mælunum.

Þrátt fyrir metnaðarfull markmið og undirbúning sýnir þetta verkefni hvernig tæknileg vandamál geta haft veruleg áhrif á framgang fræðsluverkefna í skólastarfi.

8. Lokaorð

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Allt starfsfólk skólans koma að vinnu við matið á fundum dreift yfir allt skólaárið og á vordögum.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim og viðmiðum þar sem það á við.

Vinna við matið á að nýtast öllu starfsfólki skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Á grundvelli þessarar skýrslu verður gerð umbótaáætlun haustið 2025 í samstarfi við alla hagsmunaaðila, starfsfólk skólans, foreldra og nemendur.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS